

# Minnisblað

Til: Skóla-, íþróttá- og tómstundanevnd  
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir  
Dags. 8. maí 2026  
Mnr. 2026050055



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - árskort í sundlaugar

Tvær fyrirspurnir hafa borist til skóla- og tómstundasviðs frá handhöfum árskorta í sundlaugar Ísafjarðarbæjar þar sem óskað er eftir framlengingu á gildistíma kortanna vegna lokunar Sundhallar Ísafjarðar stóran hluta ársins 2026.

Árskort gilda í fimm sundlaugar: á Ísafirði, Flateyri, Suðureyri, Þingeyri og í Bolungarvík.

Sundhöll Ísafjarðar var lokað í desember 2025 vegna bilunar í dælubúnaði. Framkvæmdir við endurnýjun búnaðar stóðu yfir fram í lok mars 2026 þegar laugin opnaði að nýju eftir verulega yfirhalingu. Í lok apríl 2026 kom í ljós að rangt efni hafði verið notað við málningu á laugarkerinu og var því nauðsynlegt að loka lauginni aftur. Framkvæmdir standa nú yfir og er gert ráð fyrir að laugin opni á næstu dögum.

Sundhöllin hefur því verið lokað að mestu leyti í um 3 mánuði á árinu 2026 með tímabundinni opnun í skamman tíma.

Þrátt fyrir að árskort gildi í fleiri sundlaugar er ljóst að lokun Sundhallarinnar á Ísafirði hefur haft áhrif á nýtingu þeirra sem eiga erindi í þá sundlaug.

### Valkostir til ákvörðunar

Lagt er til að skóla-, íþróttá- og tómstundanevnd taki afstöðu til eftirfarandi valkosta:

1. Að árskort verði ekki framlengd.
2. Að árskort verði framlengd í hlutfalli við lokunartíma Sundhallarinnar.
3. Að árskort verði framlengd um ákveðinn fastan tíma (t.d. 2–3 mánuði).